



Viðauki við samning um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, og Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, gera með sér viðauka vegna uppgjors við samning um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla, útgefnum hinn 9. nóvember 2004.

Í tengslum við uppsögn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps á framangreindum samningi er eftirfarandi breyting gerð á samningnum varðandi uppgjör og greiðslufyrirkomulag.

Skólaárið 2024-2025 munu nemendur í 9. og 10. bekk frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi stunda nám í Flúðaskóla.

Skólaárið 2024-2025 mun uppgjör milli sveitarfélagana miðast við þann fjölda nemenda í 9. og 10 bekk frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem sækja nám í Flúðaskóla, auk 8 nemenda sem hefðu átt að stunda nám í 8 bekk en munu stunda nám í Þjórskóla skólaárið 2024-2025.

Við fækkun nemenda á unglingsstigi á haustönn er mögulegt að rekstrarkostnaður við Flúðaskóla lækki og skal uppgjör miðast við rekstrarkostnað Flúðaskóla eins og hann mun verða í lok skólaárs 2024-2025. Skeiða- og Gnúpverjahreppur mun greiða 6.500.000 kr. mánaðarlega til Hrunamannahrepps frá 1. október 2024 til 30. júní 2025. Að þeim tíma loknum verður gert uppgjör m.t.t. rekstrar Flúðaskóla á vorönn 2025, að frádregnum áhrifum sem breyting á fækkun nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi mun hafa á framlög frá Jöfnunarsjóði til Hrunamannahrepps vegna rekstrar grunnskóla allt skólaárið 2024-2025 og þannig skal fundinn út kostnaður á hvern nemenda Flúðaskóla.

Við uppgjör vegna mótuneytis Flúðaskóla skal miða við þann fjölda nemenda í 9 og 10 bekk sem koma frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Taka skal tillit til greiðsla frá Jöfnunarsjóði vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða í grunnskóla. Skeiða- og Gnúpverjahreppur skal greiða það framlag sem sveitarfélagið fær frá Jöfnunarsjóði vegna þeirra barna sem eru í 9 og 10 bekk skólaárið 2024-2025 til Hrunamannahrepps. Skal sú fjárhæð ásamt framlagi Jöfnunarsjóðs vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða til Hrunamannahrepps fyrir skólabörn í 1-10 bekk koma til lækkunar á rekstrarkostnaði. Þannig skal fundinn út kostnaður á hvern nemanda.

Drög að fjárhagsáætlun vegna rekstrar Flúðaskóla fyrir vorönn 2025 skal ítarlega kynnt sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps og komi ekki til athugasemda skal stefnt að því að fjárhagsáætlanagerð vegna skólans verði lokið eigið síðar en 30. október 2024.

Til 30. júní 2025 skal fjöldi fulltrúa í skólanefnd vera óbreyttur. Hrunamannahreppur tilnefnir 3 fulltrúa og Skeiða- og Gnúpverjahreppur 2 fulltrúa og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt um málefni skólans. Eftir það munu fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps ganga úr nefndinni.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Hrunamannahreppur

Varðandi réttindi og skyldur nemenda, skólaakstur og reiknireglu til útreiknings á kostnaði fyrir hvern nemenda vísast í upphaflega samninginn frá árinu 2004.

Skólaárið 2025-2026 munu nemendur í 10. bekk frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sækja nám í Flúðaskóla. Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir fyrir skólavistina í samræmi við gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fjölda þeirra nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags. Komi til kostnaðar vegna sérfræðipjónustu við þessa nemendur skal hann metinn og greiddur sérstaklega af lögheimilissveitarfélagi. Við upphaf skólaárs skal sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerð grein fyrir kostnaðaráhrifum þeirra úrræða sem nauðsynleg eru.

Samningur þessi er undirritaður rafrænt.